

226. fundur

stjórnar LSS haldinn þriðjudaginn 04. 09 2013 kl. 13:00
á skrifstofu LSS Brautarholti 30, 105 Reykjavík.

Mættir: SBB, FH, IGG, JS, EK, SB, BKr og VLF

1. Fundargerð síðasta fundar

Sp.

2. Inntaka nýrra félaga

Sigurþór Ó. Ágústsson kt. [REDACTED], Hlst slökkviliðsmaður, Brunamálaskólinn 2000. sp
Brynhildur Elvarsdóttir kt. [REDACTED], EMT-I 2013, hlst. Sjúkraflutningamaður. sp

3. Orlofsmál

Munaðarnes. Breytingar innanhúss á baðherbergi og hurðum eru að klárast.

Skálatún 33 nh. á Akureyri. Ákveðið að leita tilboða í smíði á sólpalli við neðri hæð, með möguleika á að setja heitan-pott síðar. Íbúðin var tekin í notkun í lok febrúar og hefur verið í stöðugri útleigu síðan.

Skálatún 33 eh. Laga þarf rör sem flytur vatn í handklæðaofn á baðherberginu. Búið er að laga dúkinn á þakinu og næst þarf að laga veggskemmdir í stofu og svefnherbergi sem hlutust af þakleka. Umræður um framtíðar-orlofsíbúð í Reykjavík.

4. Málefni LSS

Til að bæta upplýsingastreymi milli LSS og félagsmanna. Auka upplýsingaflæði til fulltrúanna og hvetja þá til að halda deildarfundi og upplýsa félagsmenn. Forsvarsmenn tilbúnir að mæta á slíka fundi.

Umræður um að aukið upplýsingaflæði gæti t.d. orðið með því að taka upp Facebook-síðu. Þar færi þá fram fréttir og skoðaðnaskipti, en heimasíðan veitti þá áfram aðgang að hinum ýmsu gögnum, eins og t.d. kjarasamningum.

5. Trúnaðarmanna-verkefnið

Frestað til næsta stjórnarfundar.

6. Næsti stjórnarfundur. (tveggja daga vinnufundur í Munaðarnesi)

Umræður um að hafa vinnufund í október þar sem m.a. nefndir mæti til skrafs og ráðagerða.

7. Sjúkraflutningar

Samvinna um fjárstuðning vegna EMT-I menntununar. Námskeið hefst 30. september. Reiknað er með að það sé það síðasta í núverandi mynd.

Umræður um nýútkomin skýrslu frá Ríkisendurskoðun.

Umræður um lækna á þyrlum og framtíðarþjónustu heilbrigðisstarfsmanna um borð í sjúkrapyrlum.

Fagráð sjúkraflutninga fer með allt varðandi menntun sjúkraflutningamanna. Búið er að heimila LSS og samvinnuaðila að koma með tillögur um skipulag að nýju námi. Fagdeild sjúkraflutninga LSS er að vinna í málinu og hefur klárað grunnvinnuna. Sótt um styrki, sameina B og I námið og lengja það. Rætt er um tvö menntunarstig, meiri menntun og áherslum, t.d. á forgangsakstur. Í grunnin verður námsefnið svipað. Þrjár annir. Fjarnám með staðarlotum. Reynt verður að fá námið metið til eininga. Styrkja er að vænta frá Menntamálaráðuneytinu.

Ákveðið að LSS óski eftir því við Fagráð sjúkraflutninga að það setji reglur um samræmingu um lit á fatnaði fyrir sjúkraflutningamenn á Íslandi.

Umræður um rekstrarform sjúkraflutninga á Ísl. Kostnað og fleira.

Ákveðið að senda fyrirspurn til Fagráðs sjúkraflutninga; Hafa sjúkraflutningamenn heimild til þess að innheimta greiðslu af ósjúkratryggðum sjúklingi, fyrir notkun á sjúkrafreiði í sjúkraflutningi? Hefur sjúkraflutningamaður heimild til að neita sjúklingi um sjúkraflutningsþjónustu ef sjúklingurinn neitar að greiða?

8. Menntunarmál Slökkviliðsmanna

Reynt hefur verið að leita upplýsinga hjá MVS um hvort starfsmenn Isavia uppfylltu skilyrði til að taka nám fyrir hlutastarfandi slökkviliðsmenn.

Umræður um nám slökkviliðsmanna og hvort það sé kominn tími á að stokka það upp?

9. Fundaferð um landið

Umræður um að formaður, framkvæmdastjóri og stjórnarmaður/fulltrúi af viðkomandi svæði, eigi fundi með félagsmönnum úti á landi í vetur.

10. Samningar SNS, SNR og LSS

Vinna við endurmat vegna starfsmats hjá SNS er ennþá í gangi.

Búið er að gera stofnanasamninga vegna sjúkraflutningamanna við SNR og síðan við HSU og HP. Þegar hefur einn gengið í LSS vegna stofnanasamninga og tveir aðrir haft samband.

Isavia, LSS mótmælir eihliða ákvörðun Isavia um að þrengja vetrarorlofstímann.

11. Málefni forvarnadeildar

-Eldvarnanámskeiðshlutinn lagður niður í júní

-■ sagt upp, samkomulag vegna 3 mán uppsagnarfrests, ■.

12. Málefni Akureyrar

Mál ■ og ■ eru farin til dómstóla. ■ vegna upplýsinga um menntun í ráðningarmáli, óvíst með framhaldið.

13. Eldvarnaátakið 22.-29. nóv.

Átakið verður á hefðbundnum tíma í lok nóvember.

14. Næsta Þing LSS.

Þingið veðrður í apríl 2014. Umræður um staðsetningu þingsins. Ákveðið að heyra í félagsmönnum hvort uppi séu kröfur um að halda þingið utan höfuðborgarsvæðisins.

15. Næstu stjórnarfundir

Ákvörðun frestað.

16. Haustfundur fulltrúaráðs

Leggja fram 6 mán uppgjör félagsins.

Taka umræður um að aukna virkni og upplýsingaflæði innan félagsins.

17. Önnur mál:

a) Lífeyrissjóðir, umræður eru í gangi t.d. um að hækka lífeyristöku-aldur upp í 65-67.

b) Reglugerð um reykköfun og reglugerð um slökkvilið eru í vinnslu hjá MVS.

c) Golfmótið. Rætt um tímasetningar á útræsi.

18. Mál til kynninga

Stjórnarfundur BSRB 23 maí 2013.

63. fundur Samstarfsnefndar LSS og SNS

Stofnanasamningur LSS SNR

64. fundur Samstarfsnefndar LSS og SNS

Ársskýrsla Mannvirkjastofnunar

Fundi slitið kl. 16:33